



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 17. ágúst 2007
UST20070800039/ksj

Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2003-2015 Tillaga að breytingu

Vísað er til erindis frá Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf frá 29. maí 2007, þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps er varðar þéttbýlið að Flúðum ásamt umhverfisskýrslu. Tillaga að breyttu aðalskipulagi er þríþætt: breytt stefna um landnotkun í sveitinni, rýmkun þéttbýlismarkna fyrir íbúðarbyggð, iðnaðar- og athafnasvæði, og breytingar á árfarvegi Litlu-Laxár.

Breytt stefna um landnotkun í sveitinni

Til að koma í veg fyrir að gott landbúnaðarland fari úr landbúnaðarnotum er tillaga um breytingar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015. Með breyttum texta er verið að skilyrða það að *“gott landbúnaðarland skuli áfram nýtt til landbúnaðar”* og koma þannig í veg fyrir að slíkt landi sé tekið undir frístundabyggð.

Breytingartillagan er þess eðlis að Umhverfisstofnun sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við hana.

Rýmkun þéttbýlismarkna, íbúðarbyggð, iðnaðar- og athafnasvæði.

Vegna aukinnar ásóknar í búsetu í þéttbýli Hrunamannahrepps er tillaga um breytta landnotkun norðvestan og vestan Flúða og þéttbýlismörk rýmkuð. Tilgangurinn er að anna eftirspurn eftir lóðum innan þéttbýlisins. Að öðrum kosti er talið að byggðin muni dreifast meir um sveitina, og frekar sé hætta á að missa góð landbúnaðarsvæði undir frístundabyggð. Breytingartillagan gerir ráð fyrir aukinni íbúðarbyggð til norðvesturs, og stækkun svæðis undir iðnað. Aukning á íbúðarsvæði er alls 40 hektarar og iðnaðarsvæðið stækkar um 5 hektara úr 7,5 hekturum í 12,5 hektara.

Svæðið norðvestur af þéttbýli Flúða er landbúnaðarsvæði sem ekki er nýtt lengur. Það er því svæði sem þegar hefur verið raskað. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við að íbúðarbyggð teygist til norðvesturs að öðru leyti en því að í umhverfisskýrslunni kemur fram að skipulagshöfundar telji áhrif á vatnsgæði Litlu-Laxár hverfandi, mörk íbúðasvæðisins séu í 20 metra fjarlægð frá árbakka Litlu-Laxár.

Samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 400/1998 4. gr 15 mgr skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim þegar deiliskipulagt er utan þéttbýlis. Flúðir eru þéttbýli, en svæðið er afar tengt dreifbýli, enda eru *“Umhverfismál mikilvægur hlekkur í lífi okkar Hrunamanna. Við búum í fallegri sveit og er það okkur kappsmál að halda henni þannig”* eins og segir á heimasíðunni Fludir.is. Umhverfisstofnun telur að það sé í samræmi við þau markmið að lóðamörk við Litlu-Laxá séu staðsett í 50 metra fjarlægð frá ánni, og að aðgengi almennings meðfram ánni verði ekki hindrað.

Færsla Litlu-Laxár

Í þeirri tillögu til breytinga á aðalskipulagi Hrunamannahrepps sem hér er til umsagnar er gert ráð fyrir að árfarvegur Litlu-Laxár færist til og ein bugðan verði tekin af ánni og farvegur hennar stytur um 750 metra. Þetta þýðir að í stað þess að renna fyrir Lambatanga, mun áin renna þvert í gegnum tangann. Í umhverfisskýrslu er lítið fjallað um umhverfisáhrif þess að farvegur Litlu-Laxár verði færður til. Aðeins er tiltekið að áætlunin leiði ekki af sér framkvæmdir sem tilgreindar eru í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 er Litlu-Laxá lýst þannig í kafla um gróðurfar, ár og vötn *“Litlu-Laxá. Falleg, bugðótt lindá, sem á upptök sín í Laxárklettssveri, inn af Stórversöldu og vestur frá innanverðu Laxárgljúfri. Fuglalíf er í allri ánni, mest neðst. Nokkuð hefur verið grafið í mýrarnar við ána.”* Ennfremur kemur fram að áin er eitt af fjórum svæðum í Hrunamannahreppi sem hefur mikla þýðingu fyrir fugla.

Í skýrslunni *“Umsögn vegna fyrirhugaðrar færslu á farvegi Litlu-Laxár við Lambatanga”* sem unnin var af Veiðimálastofnun Suðurlandsdeild, kemur fram að *“Við fyrirhugaðar breytingar er líklegt að rofálag við starfssvæði Límtrés aukist og að þar verði að fara í bakkavarnir en hafa má í huga að þegar farið er að breyta farvegum vatnsfalla vill það kalla á frekari aðgerðir síðar.”*

Í ofanefndri skýrslu kemur fram að Litlu-Laxá hefur orðið fyrir miklu raski á liðnum árum, *“og munar þar mest um efnistöku af botni hennar sem bitnar á búsvæðum laxfiska og gæðum búsvæða og þannig á framleiðslugetu árinna í heild.”*

Einnig kemur fram að *“Varðandi fyrirhugaða færslu farvegar Litlu-Laxár kæmi sér best fyrir ána og fiskframleiðslu hennar að henni yrði áfram leyft að renna fyrir Lambatangann og búsvæðin þar bætt og þau endurgerð “*

Niðurstaða


Ljóst er að efnistaka og annað rask hefur verið mikið í og við Litlu Laxá á-liðnum árum, sem hefur haft neikvæð áhrif á ána sem búsvæði fiska og annars lífríkis. Færsla árinna mun stuðla að enn frekari röskun búsvæða árinna, nema farið verði í miklar mótvægisáðgerðir til þess að endurheimta þau.

Sérfræðingar hjá Veiðimálastofnun telja að rofálag umhverfis ána og þá sérstaklega við svæði límtrésverksmiðjunnar verði meira en ella ef af breytingu á farvegi verður, enda erfitt að sjá fyrir afleiðingar þegar árfarvegi er breytt. Litlu-Laxá er lýst sem fallegri lindá í aðalskipulagi 2003-2015, og er ljóst að neikvæð sjónræn áhrif verða umtalsverð þegar


“falleg bugðott lindá” missir eina af bugðum sínum. Einnig verða neikvæð áhrif hvað landslag varðar, umhverfi þéttbýlisins verður fátæklegra þegar bugða er tekin af árfarvegi og ferð árinna um þéttbýlið stytt um 750 metra, og sú framkvæmd mun rýra útivistargildi svæðisins kringum ána.

Vegna ofangreindra atriða tekur Umhverfisstofnun undir eftirfarandi niðurstöðu sérfræðinga Veiðimálastofnunar Suðurlandsdeildar: “Jafnframt er hér lagt til að hafist verði handa við mótvægisáðgerðir til þess að bæta fyrir glötuð og spillt búsvæði árinna” og mælir með að ánni verði áfram leyft að renna fyrir Lambatangann og að Litlu Laxá verði haldið sem náttúrulegasti.

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur



Helgi Jónsson
Forstöðumaður

afrit:
Skipulagsstofnun